

AUGLÝSING

um gagnkvæma niðurfellingu Íslands og Bandaríkjanna
á gjöldum af flugvélaeldsneyti o. fl.

Með orðsendingaskiptum hinn 7. júlí og 16. október 1967 var gengið frá samkomulagi stjórnarvalda Íslands og Bandaríkjanna Ameríku um gagnkvæma niðurfellingu gjalda af flugvélaeldsneyti og -smurningsolfum.

Gildistaka samkomulagsins miðast við hinn 1. júní 1967.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 24. nóvember 1967.

Emil Jónsson.

Agnar Kl. Jónsson.

29. desember 1967.

Nr. 17.

AUGLÝSING

um fullgildingu fjögurra viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu.

Hinn 16. nóvember 1967 undirritaði fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu viðauka nr. 2 og 3 frá 6. maí 1963, nr. 4 frá 16. september 1963 og nr. 5 frá 20. janúar 1966 við Sáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem gerður var hinn 4. nóvember 1950. Fullgildingarskjal Íslands að viðaukunum var afhent við sama tækifæri.

Viðaukarnir eru birtir sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, en nánar verður tilkynnt um gildistöku þeirra síðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. desember 1967.

Emil Jónsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

2. SAMNINGSVIÐAUKI

um rétt Mannréttindadómstóls Evrópu
til álitsgerða.

Aðildarríki Evrópuráðs, þau er hér undirrita,

skírskota til ákvæða Sáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis, er undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér eftir nefndur „sáttmálinn“), einkum

PROTOCOL No. 2

conferring upon the European Court of
Human Rights competence to give
advisory opinions.

The member States of the Council of Europe signatory hereto:

Having regard to the provisions of the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms signed at Rome on 4th November 1950 (herein-